

Ed. 50. Frumvarp til laga [50. mál]

um afnám aðflutningsgjalda og söluskatts af vélum og tækjum til landbúnaðar.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Hermann Jónasson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Vélar og áhöld til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu, ót. a., og hlutar til þeirra í eftirtöldum köflum og númerum tollskrár eru undanþegin aðflutningsgjöldum:

1. Hjóladráttarvélar (þar á meðal ámoksturstæki) í nr. 12 í 72. kafla.
2. Sláttuvélar í nr. 13 í 72. kafla.
3. Rakstrarvélar og snúningsvélar í nr. 14 í 72. kafla.
4. Mjaltavélar í nr. 15 í 72. kafla.
5. Áburðardreifingar, kartöfluupptökuvélar og annað í nr. 21 í 72. kafla.

2. gr.

Endurgreiða skal aðflutningsgjöld af vörum til rafmagnsframleiðslu á sveitabæjum í eftirtöldum köflum og númerum tollskrár:

1. Bifvélar (mótorar) í nr. 30 í 72. kafla.
2. Mótoraafalar í nr. 3 í 73. kafla.
3. Rafalar (dýnamóar) í nr. 4 í 73. kafla.

3. gr.

Endurgreiða skal aðflutningsgjöld af hjóladráttarvélum, sem fluttar hafa verið inn eftir 20. febrúar 1960 og notaðar hafa verið til landbúnaðar.

4. gr.

Ákvæði 1., 2. og 3. gr. taka einnig til söluskatts af innfluttum vörum samkvæmt III. kafla og ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum á þeim lögum. Sama gildir um söluskatt samkv. II. kafla sömu laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú stétt, sem einna harðast er leikin af ráðslagi núverandi stjórnarvalda, er bændastéttin.

Í framkvæmdum landbúnaðarins er óþolandi og háskalegur samdráttur á mörgum sviðum og færist í aukana.

Þeir bændur, sem standa á gömlum merg, þannig að þeir voru búnir að rækta mikið land, byggja viðhlitandi húsakost á jörðum sínum, koma sér upp góðum bústofni og vélvæða sig til tæknibúskapar, þola mikið án þess að bugast eða láta í stórum stíl á sjá. Hinir, sem skemmra voru komnir, eiga í vök að verjast, — margir mjög þröngri, sem óðum frýs að þeim.

Afar torvelt er — eða ókleift með öllu — fyrir nýliða að stofna til búskapar sökum þeirrar óhemjulegu dýrtíðar, sem búið er að leiða til öndvegis. Ungt fólk, sem vildi stunda búskap, hverfur að öðrum verkefnum.

Haldi svo fram sem horfir í þessum efnum, skapast fljótt eyður í byggðum sveitanna. Og í stað þess að sveitirnar leggja nú til sína hollu og ljúffengu fæðu á borð allra landsmanna, verður þjóðin ekki sjálfri sér nóg um framleiðslu þeirra matvæla.

Það er frá öllum hliðum séð eitt af þýðingarmestu málefnum þjóðarinnar, að sveitabúskapurinn blómgist.

Ein af óhjákvæmilegum þörfum nútímabúskapar er vélakostur, sem kaupa verður erlendis frá. Það er tómmt mál að tala um búskap án hans.

Frumvarp þetta er flutt til að greiða götu þess, að hægt verði að byggja landbúnaðinn upp tæknilega.

Með gengisfellingunum tveim: 1960 og 1961, hækkuðu vélar til landbúnaðarins stórkostlega í verði. Hefur sú hækkun orðið landbúnaðinum mikið áfall, — ekki sízt byrjendum í búskap.

Hækkandi innkaupaverð þýðir, að óbreyttum tollum og sköttum til ríkisins, hækkandi tolla og skatta í krónum. Þar hefur hækkun hlaðizt á hækkun ofan.

Ómissandi tæki eins og dráttarvél (Massey Ferguson 35, standard gerð) kostar nú kr. 106 000.00. Þar af eru tollar og söluskattur til ríkissjóðs kr. 27 000.00. Um þá fjárhæð mundi þessi vél lækka í verði, ef frumvarp þetta yrði að lögum.

Frumvarpið felur fyrst og fremst í sér — í stuttu máli sagt — að afnema tolla og skatta, sem nú eru á vélum og tækjum, sem nauðsynleg eru við almennan búrekstur. Hér er því um stórfellt hagsmunamál að ræða fyrir bændastéttina og framþróun landbúnaðarins.

Hvers vegna ætti ríkið að láta hina hart leiknu bændastétt greiða tolla og skatta ofan á landbúnaðarvélainnkaupsverðið, sem gengisfellingarnar hafa hækkað svo gífurlega sem raun ber vitni?

Sjávarútvegurinn nýtur sambærilegra tolla- og skattakjara í ýmsum greinum og hér er farið fram á til handa landbúnaðinum.

Í öðru lagi er lagt til í frv. að endurgreiða alla tolla og skatta af disilvélum (rafstöðvum) til nota á sveitabæjum, sem fá ekki rafmagn í náinni framtíð frá héraðsveitum ríkisins. En öllum, sem til þekkja, má ljóst vera, hversu gífurlegur munur er á því að hafa einkarafstöð og standa undir rekstri af henni eða njóta rafmagns frá samveitum, sem allajafna kostar miklu minna og skapar meira öryggi.

Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir því í frv., að endurgreiddir verði tollar og skattar af þeim hjóladráttarvélum, sem bændur hafa keypt eftir 20. febrúar 1960, þ. e. síðan fyrri gengisfellingin kom til framkvæmda.

Verður því ekki trúað að óreyndu, að þingmenn samþykki ekki þetta frumvarp, svo ljóst sem nú liggur fyrir, hve kreppir að bændum og mikil þjóðarnauðsyn er, að landbúnaðurinn geti vélvætt sig og fullnægt sívaxandi þörf þjóðarinnar fyrir landbúnaðarafurðir.